



**Viska Fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja**

## ***Fundargerð aðalfundar***

Dagsetning: 25. maí 2020 Tími: kl. 10:30-12:00

Fundarstaður: Heimaklettur, Ægisgötu 2, Fiskiðjunni

Mættir voru 16 fulltrúar frá 10 stofnaðilum, en til fundarins var boðað skriflega 7. maí sl. og síðar ítrekað í tölvupósti. Boða þarf til aðalfundar með amk. 2ja vikna fyrirvara skv. samþykktum Visku.

Arnar Sigurmundsson, formaður stjórnar setti fundinn og lagði til að Ólafur Elísson, yrði fundarstjóri og Valgerður Guðjónsdóttir forstöðumaður Visku fundarritari og var það einróma samþykkt.

### **1.mál. Skýrsla stjórnar- og forstöðumanns.**

**Formaður stjórnar Arnar Sigurmundsson** gerði grein fyrir störfum stjórnar en alls voru haldnir áttastjórnarfundir frá síðasta aðalfundi. Stjórn og varastjórn voru eins og áður boðuð á alla stjórnarfundi. Þá fór stjórnarformaður yfir meginatriði í rekstri og þau verkefni sem stjórnin tók sérstaklega til umfjöllunar m.a. flutning Visku með þekkingasetri Vestmannaeyja yfir að Ægisgötu 2 í gömlu Fiskiðjuna.

**Valgerður Guðjónsdóttir, flutti skýrslu um starfsemi Visku 2019 og var skýrslunni einnig dreift á fundinum ásamt tækja- og eignalista mv. 11. maí 2020.** Í skýrslu forstöðumanns, um starfsemina árið 2019 og á vorönn 2020, kom skýrt fram að starfsemin hefur verið í góðum farvegi. Námskeiðum tengdum starfsemi í Eyjum er enn að fjölga og raunfærnimat að verða stærrí þáttur. Endurmenntun af ýmsum toga og námskeið fyrir fyrirtæki og stofnanir hafa sett svip sinn á starfsemina. Raunfærímat annað en í skipstjórn er alltaf með en óreglulegt og þá alltaf í samstarfi við lðuna fræðslusetur..

### **2.mál. Ársreikningur Visku 2019.**

Hafsteinn Gunnarsson, sérfræðingur hjá Deloitte fór yfir lykiltölur úr ársreikningi Visku.

Rekstrartekjur námu	kr.	60.629.337
Rekstrargjöld voru	kr.	58.676.735
Fjármunatekjur netto	kr.	2.012.213
Afkoma var jákvæð um	kr.	3.964.815

Niðurstaða efnahagsreiknings 31. des. 2019 var kr. 115.379.803. Eigið fé Visku í árslok 2019 var kr. 112.640.238, en var kr. 108.675.423 í árslok 2018. Ársreikningurinn, sem er endurskoðaður af Deloitte án athugasemda og áritaður af skoðunarmönnum, var einróma samþykktur á fundinum.



### **3. mál Þóknun til stjórnar- varastjórnar og skoðunarmanna**

Aðalfundur Visku haldinn 25. maí 2020 samþykkir að þóknun til aðal- og varamanna í stjórn verði kr. 150 þúsund á mann fyrir liðið starfsár og auki 15 þúsund krónur fyrir hvern setinn stjórnarfund. Formaður stjórnar fái tvöfalda þóknun og varaformaður fái 50% álag á þóknun stjórnarmanna

Aðalfundurinn samþykkir að þóknun til hvors skoðunarmanns Visku verði kr. 40 þúsund fyrir liðið starfsár, en lögg. endurskoðandi fái greitt fyrir sín störf samkvæmt reikningi.

Tillögurnar voru báðar samþykktar mótatkvæðalaust.

### **4. mál Kosning stjórnar, endurskoðenda og skoðunarmanna.**

Í stjórn Visku fyrir næsta starfsár voru kjörin:

Aðalmenn: Arnar Sigurmundsson, Helga Björk Ólafsdóttir, Gísli Eiríksson, Aníta Ársælsdóttir og Arnar Hjaltalín.

Varam.: Davíð Guðmundsson, Gunnar Kr. Gunnarsson og Unnur B. Sigmarsóttir.

Endurskoðendur voru kjörnir: Deloitte – endurskoðun og skoðunarmenn Ólafur Elísson og Þórhildur Ragna Karlsdóttir.

### **5. mál Starfs- og fjárhagsáætlun Visku fyrir árið 2020.**

Arnar Sigurmundsson stjórnarformaður kynnti fundarmönnum rekstraráætlun Visku 2020, sem stjórnin samþykkti á fundi 12. febrúar sl. jafnframt svaraði hann fyrirspurnum um einstaka tekju- og útgjaldaliði 2019. Áætlunin gerir ráð fyrir að tekjuafgangi að fjárhæð tæplega 200 þúsund kr.

Í skýrslu forstöðumanns fyrr á fundinum var farið yfir meginþætti starfseminnar á fyrri hluta ársins 2020.

### **6. mál Önnur mál**

Enginn tók til máls undir liðnum önnur mál.

Fundi slitið kl. 12:00

*Ólafur Elísson*

---

Ólafur Elísson, fundarstjóri

Valgerður Guðjónsdóttir

---

Valgerður Guðjónsdóttir, fundarritari